

FYRIRLESTUR UM ÞÖGGUN OG SJÁLFS-RITSKOÐUN. 8. mars 2009 á málþingi PEN

Ég fór að skrifa um þöggun og sjálfs-ritskoðun á grundvelli réttarins til tjáningar, skoðana og upplýsingar fyrir u.þ.b. 15 árum. Það að þetta fyrirbæri þöggun innan fjölmiðla ætti sér stað, og væri tilkomið vegna þrýstings eigenda, viðskiptaafila og pólitískra afila þeim þóknanlegum, var ekki álitin sennileg kenning.

Þegar ég fékk tækifæri við lagadeildina í Lundi til að vinna að doktorsverkefni um þetta efni opnaðist fyrir mér heill nýr heimur. Í rannsóknarvinnu minni fékk ég staðfest að ýmsir höfðu, jafnvel, í aldanna rás áttaði sig á hættum skoðanakúgunar. Fræðimenn, rithöfundar og m.a.s. dómarmar höfðu varað við skoðanakúgun og sett fram aðvaranir með skýrum hætti. Dómari við hæstarétt Bandaríkjanna, Louis Brandeis, sagði að ekkert ógnaði frelsinu meira en forheimskað fólk. Þetta er í raunin kjarni réttlættinginnar fyrir tjáningarfrelsi.

Tjáningarfrelsinu eru takmörk sett í lögum til verndar alls konar hagsmunum – í flestum þjóðfélögum er dómstólum ætlað að skera úr um mörkin – en þöggunin sem við erum að ræða hér í dag kemur ekki fyrir dómstóla af því að hún áreitir engan í eiginlegum skilningi en hún er hrikaleg ógn við frelsi, mannréttindi og lýðræði. Með vernd tjáningarfrelsis og öflugra skoðanaskipta er ætlunin að koma í veg fyrir þöggun og efla frjálst flæði hugmynda, umbera andstæðar skoðanir, róttækar skoðanir – hugmyndir sem fara gegn okkar hugmyndum – eða ríkjand hugmyndum.

Milton barðist á 17. öldinni gegn ritskoðun sem fólgin var í opinberri leyfisveitingu fyrir prentun – John Stuart Mill hafði áhyggjur af þeirri skoðanakúgun sem væri í fordómum samfélagsins sjálfs – Madison og Jefferson sáu tjáningarfrelsið sem hornstein lýðræðislegrar stjórnskipunar og þannig var það lögfest í alþjóðlegum mannréttindasáttmálum í kjölfar seinni heimsstyrjaldarinnar –

þegar talað var fyrir mannréttindasáttmála Evrópu á Alþingi Íslendinga upp úr 1950 þá töldu ráðamenn okkur búa við öll þess frelsi – mannréttindum væri ekki ábótavant á Íslandi – og það var ríkjandi viðhorf hér þar til hrúnið kom – — það þurfti þetta kerfishrun til að átta sig á því að grunnréttindum á Íslandi væri í raun ábótavant – að það væru ekki aðeins starfssemi bankanna sem byggði í á blekkingu heldur einnig lýðræðið, mannréttindin og réttarríkið – þær grunnstoðir sem við teljum samfélag okkar í samfélagi evrópskra þjóða byggja á

— Milton setti fram sína frægu kenningu um átök sannleika og lygi – þar sem sannleikurinn gæti ekki farið halloka fengi hann að kljást við falsið en sannleikurinn virðist samt enginn sérstakur sigurvegari í sögunni – þ.e.a.s. sá sannleikur sem tjáningarfrelsið á að tryggja að fái litið dagsins – sá sannleikur sem á að vera vegurinn til réttlátara samfélags – sannleikurinn um jafnræði og virðingu fyrir helgi einstaklingsins –

George Orwell lýsti upplifun sinni af fundi PEN klúbbsins í London í lok síðari heimsstyrjaldarinnar - Hin alþjóðlegu samtök rithöfunda sem ganga undir nafninu PEN hafa heitið því að standa vörð gegn hvers konar kúgun á tjáningarfrelsi – — og tilefni fundarins sem Orwell sat var að minnast þess að 300 ár voru liðin frá því að varnarrit Miltons fyrir prentfrelsi kom út 1644. Um hvað töluðu framsögumenn á þessum fundi – þeir minntust ekkert á pólitískt frelsi – kjarna málsins – pólitískt inntak tjáningarfrelsisins - Orwell líkt og John Stuart Mill áður talaði um ríkjandi tilhneigingu í samfélaginu að halda fólki niðri – þarna árið 1944 hafði hann miklar áhyggjur af samþjöppun fjölmiðla í höndum fárra ríkra einstaklinga – hann hafði áhyggjur af hugleysi rithöfunda og blaðamanna – að þeir þyrðu ekki að standa einir með hugsjónum sínum og hugmyndum – og hann hafði áhyggjur af þeir fáu sem þyrðu nytu ekki stuðnings félaga sinna sem voru að þóknast ríkjandi öflum — menn eru stimplaðir fyrir að hafa andstæðar skoðanir og fyrir vikið verða þeir hræddir við að tjá þær og þeir eru líka hræddir við að styðja þær þegar aðrir bera þær upp, eins og Mill bendir á í Frelsinu.

Ári eftir fundinn hjá PEN kom bók Orwells Félagi Napóleón út í London. Við þekkjum öll þessa líkingasögu þar sem dýrin eru byltingarsinnarnir úr byltingu bolsjevíka –þau losa sig við drykkfellda harðstjóran sem var húsbóndi þeirra og gera með sér sáttmála um að öll dýrin eiga að vera jöfn – síðan verða sum jafnari en önnur og á endanum verða svínin svo úrkynjuð að þau taka að líkjast mönnum æ meir, fara að ganga á tveim fótum og gera bandalag við menn á næstu bæjum. Sagan er ekki aðeins um spillingu þeirra sem komast til valda – hún fjallar um mannvonskuna, um afskiptaleysi, heimsku, græðgi og skammsýni. Aðeins asninn í sögunni, sem hafði lifað nógu lengi – var tákn þeirra sem eru ekki upprifnir af byltingum eða samfélagslegum umbreytingum – því þeir búa yfir þeirri vitneskju sem Hobbes lýsti með orðunum að lífið er einmanalegt, fátæklegt, grimmt og stutt . . . og því er þörf á samfélagssáttmála – dýrin gerðu sáttmála og sviku hann. Og Orwell spyr eftir fundinn hjá PEN – af hverju verður þessi þróun – að alræði kemst á – að innviðir samfélagsins morkna – að þeir sem eru við völd hanga þar linnlaust með góðu eða illu – þar er ekkert umburðarlyndi og engin gagnrýni – þar ríkir ekki umburðarlyndi – þar er ekki skýrt rétt frá hlutum – finnst ekki sú einlægni hugans sem er nauðsynleg bókmenntunum. Skoðanakúgun lamar blaðamanninn, samfélagsrýninn, sagnfræðinginn,

skáldsagnahöfundinn, gagnrýnandann og ljóðskáldið í þessari röð. Og hann spáði því þarna að blöðin myndu smátt og smátt deyja út, önnur fjarskiptatækni kæmi í staðinn, önnur afþreying kæmi í stað lesturs og hún yrði á einhvers konar færibandi – eins og hann sæi fyrir tölvuvæðinguna og sýndarveruleikann sem myndi eyða frumkvæði manneskjunnar. Sem myndi forheimska hana.

Hvað getur komið í veg fyrir þetta spurði Orwell – það er að rithöfundar og blaðamenn láti hvorki kúga sig né kaupa – að þeir standist þrýsting viðskiptaafila og annarra sem vilja stjórna þeim – keyptur hugur er spilltur hugur — og hvað gerist þá – sum sköpun getur þrífist í alræði, sagði Orwell – t.d. arkitektúr — í lok góðærisins svokallaða var efstu hæðinni á byggingunni á Lækjartorgi, breytt í einskonar útsýnishæð svo hægt væri að virða fyrir sér það mannlega stórvirki sem var að rísa við höfnina – tónlistarhúsið – en kostnaður við arkitektúrinn á þessari yfirbyggingu sem á síðan að rífa var 40 milljónir – 2008.

Þegar tók að halla á síðari heimsstyrjöldina hvatti Jósef Göbbels áróðursmeisatri Hitlers þýsku þjóðina í frægri ræðu – karla, konur og börn til fullkominnar vígvæðingar fyrir foringjann. „Nú er enginn tími til spyrja hvernig þetta allt gerðist“ æpti hann. Í Þýskalandi nasismans var alger ritskoðun – og á því byggðu þau gífurlegu hryðjuverk sem Þjóðverjar og bandamenn frömdu á þeim árum – fórnarlömbin voru á bilinu 25-50 milljónir.

Ef sannleikanum er hafnað þá mun heilum samfélögum blæða og engar umbætur geta endurheimt það sem þar tapaðist. Pólitísk kerfi hrynja, efnahagskerfi hrynja – ég sé Milton fyrir mér skjálfandi og blindan þegar hann var handtekinn eftir að lýveldi Cromwells hrundi og konungsveldi var endurreist með enn meiri óhófslífnaði en nokkru sinni fyrr. Honum var þyrmt kannski af því hann var álitinn skaðlaus vegna blindu.

Í aðdraganda þess hruns sem hér hefur átt sér stað voru svona dæmi úr sögunni álitin fremur langsótt. Meira að segja George Orwell prísaði sig sælan fyrir það að þrátt fyrir skoðanakúgun pólitískra og viðskiptalegra afila væri sem betur fer ekki leynipjónusta í Bretlandi sem héldi skrá yfir andófsmenn. En á Thatcher árunum kom mál fyrir Mannréttindanefnd Evrópu (forvera dómstólsins) þar sem nöfn tveggja kvenna, báðar lögfræðingar, önnur þingkona voru á skrá hjá bresku leynipjónustunni af því önnur þeirra hafði búið með kommúnista og báðar störfuðu að mannréttindum – og nöfnin voru þarna til að hafa stjórn á því að þær væru ekki settar í nefndir á vegum hins opinbera. Fælingarmáttur svona aðgerða er flestum augljós og ekki aðeins brot á friðhelgi einkalífs, heldur einnig skoðanafrelsi og félagafrelsi.

Undanfarna tvo áratugi hefur verið varað við þessari þróun. Þöggun í samfélaginu er það stig þróunar þegar innviðir samfélags eru orðnir morknir – þegar þeir sem eru við stjórnvöldinn líta svo að þeir eigi völdin – enginn andmælir – og kerfið lamast innan frá – ormar spillingarinnar eru búnir að éta sig inn í kerfið og einstaklinga sem smita ungvíðið og þá sem hafa minna mótstöðuafli.

Á Íslandi hrundi kerfið. Inn í bönkunum eru nú pólitískt skipaðir fulltrúar með mikil völd. Þeir hafa í hendi sér líf og dauða fyrirtækja í landinu – þar á meðal fjölmiðlanna sem eiga að standa vörð um frelsi okkar og lýðræði.

Við erum enn í fjötrum gamals kerfis.

- Reykjavík 7. mars 2009

Herdís Þorgeirsdóttir